

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 25. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 22. september 2011, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 6. júní.
3. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 12. sept.
4. Slægjufundur.
5. Bréf Margrétar Bóasdóttur dags. 12. september.
6. Erindi frá Vegagerðinni, ósk um framkvæmdaleyfi vegna lagfæringa á Grjótagjárvegi.
7. Erindi frá Þorsteini Ólafssyni f.h. Matvælastofnunar v/sölu á líffé innan Skútustaðahrepps.
8. Fyrirspurnir frá fulltrúum G-lista vegna:
  - Kaldavatnstanks á Háuhlíð.
  - Skólamála.
  - Alþjóðlegs samstarfs.
9. Tillaga frá fulltrúum G-lista vegna ágreinings hitaveitunnar og landeigenda í Vogum.

Til kynningar.

Bréf Umhverfisráðuneytisins dags. 9. sept. v/Umhverfispings 14. okt.

Bréf Sambands ísl. sveitarfélaga Dags. 5. sept. v/stofnunar ungmennaráða.

Bréf Eypings dags. 31. ágúst v/aðalfundar 2011.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Friðrik K. Jakobsson.  
Sveitarstjóri ritar fundargerð.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og vill af gefnu tilefni minna sveitarstjórnarmenn á 27. gr. laga nr. 45/1998 en þar segir: *Sveitarstjórnarmanni ber skylda til að sækja alla sveitarstjórnarfundir og fundir í nefndum á vegum sveitarstjórnar nema lögmat forföll hamli.*

**2. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 6. júní.**

Ekkert í fundargerðinni þarfnast ályktunar við.

**3. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar dags. 12. sept.**

Í öðrum lið fundargerðarinnar er rætt um opnunartíma Íþróttamiðstöðvarinnar, nefndin leggur til að farið verði að tillögu forstöðumanns hússins þ.e. að opið verði mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga er frá 09:00-19:00, miðvikudaga frá 12:00-19:00 og laugardaga frá 12:00-16:00. Þá er lagt til að sundlaugin verði opin frá 15:00-19:00 á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Á laugardögum verði opið frá 12:00-16:00. Jóhannes upplýsti nefndina um að úttekt hafi verið gerð á rafkerfi hússins og verulegra lagfæringa þörf. Búið er að bregðast við stærstum hluta þeirra. Þá bendir hann á að brýnt er að lagfæra aðkomuna að húsinu. Töluverðar umræður urðu einnig um lög og reglugerðir varðandi kröfur um hæfni og mat á hæfi starfsmanna sundstaða. Félags- og menningarmálanefnd ítrekar mikilvægi þess að hæfnismat sé framkvæmt áður en að nýtt starfsfólk hefur störf að vori.

Í þriðja lið fundargerðarinnar er rætt um stefnumörkun varðandi úthlutun menningarstyrkja. Í fjórða lið kemur fram að ræddur hafi verið samningur um félagsstarf eldri borgara.

Sveitarstjórn samþykkir annan og þriðjalið fundargerðarinnar. Aðrir liðir þarfnast ekki ályktunar við.

**4. Slægjufundur.**

Í ár eru íbúar Voga, Geiteyjarstrandar og Kálfastrandar sem sjá eiga um slægjufund. Sveitarstjórn samþykkir að fela Leifi Hallgrímssyni að kalla fólk saman til undirbúnings.

**5. Bréf Margrétar Bóasdóttur dags. 12. september.**

Bréfið var lagt fram.

**6. Erindi frá Vegagerðinni, ósk um framkvæmdaleyfi vegna lagfæringa á Grjótagjárvegi.**

Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi til að styrkja og leggja bundið slitlag á veginn. Vegurinn verður lagfærður í núverandi vegstæði og verður ekki vikið frá því nema á um 400 m löngum kafla austan Grjótagjár. Þar verður vegurinn færður u.þ.b. 100 m til austurs. Sótt er um að gera 6,5 m breiðan veg og hækka hann að jafnaði um 30 – 40 cm. Á kaflanum frá Hringvegi að Grjótagjá verður hraði takmarkaður við 50 km/klst en frá Grjótagjá niður að Vogum verður leyfður hraði 30 km/klst. Efni verður tekið úr námu í Jarðbaðshólum og verður gengið frá námunni í verklok.

Fyrir liggur samþykki landeigenda Reykjahlíðar og Voga fyrir vegbótunum frá Hringvegi og að ristarhliði við Grjótagjá. Ekki liggur fyrir samþykki landeigenda frá fyrrnefndu ristarhliði niður í Voga.

Sveitarstjórn fagnar áhuga Vegagerðarinnar á vegabótum í Skútustaðahreppi. Sveitarstjórn vill nota tækifærið og minna á að í sveitarfélaginu eru allnokkrir tengivegir og einnig nokkrir ferðamannavegir sem þarfnast sárlega svipaðra úrbóta og um er rætt í viðkomandi erindi.

Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfi fyrir lagfæringum á Grjótagjárvegi frá Hringvegi að ristarhliði við Grjótagjá allt að 6 m breiðum vegi. Jafnframt veitir sveitarstjórn heimild til efnistöku úr Jarðbaðshólum allt að 15.000 m<sup>2</sup>, enda lítur sveitarstjórn svo á að efnistakan samræmist gildandi aðalskipulagi. Sveitarstjórn ítrekar mikilvægi þess að námunni verði lokað að efnistöku lokinni. Sveitarstjórn getur ekki veitt framkvæmdaleyfi fyrir veginum frá ristarhliði við Grjótagjá niður í Voga þar sem ekki liggur fyrir samþykki landeigenda. Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.

## 7. Erindi frá Þorsteini Ólafssyni f.h. Matvælastofnunar v/sölu á líffé innan Skútustaðahrepps.

Fyrir fundinum liggur erindi frá Þorsteini Ólafssyni f.h. Daða Lange Friðrikssonar þar sem farið er fram á að fé, lömb og ungar ær frá Héðni Sverrissyni Geiteyjarströnd 1, verði dreift á nokkra bæi í Mývatnssveit. Í erindi Matvælastofnunar kemur fram að ekki hafi greinst riðuveiki í sveitarfélaginu síðan 1988 og hyggst stofnunin fallast á umrætt erindi að því tilskyldu að féð fari í sömu sumarhaga og það hefur farið hingað til. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að fénu verði dreift á milli bæja en setur það sem skilyrði að nefnt fé fylgi nýrri heimahjörð í sumarhaga.

## 8. Fyrirspurnir frá fulltrúum G-lista vegna:

*Fyrirspurn um kaldavatnstank á Háuhlíð:*

*Í vettvangsferð fulltrúa G listans á dögnum kom í ljós að svo virðist sem ekki sé ennþá búið að taka í notkun vatnstankinn sem var byggður árið 2010. Vinnusvæði er ófrágengð og blasir við sem alvarlegt umhverfislýti víða að í sveitinni. Bygging þessa tanks var erfið fæðing, tímafrekt og dýrt. Hver var heildarkostnaður við byggingu tanksins og hvenær er áætlað að hann verði tekinn í notkun? Hver ber ábyrgð á því að málum er svo komið sem raun ber vitni?*

- **Kaldavatnstanks á Háuhlíð.**

- Kaldavatnstankur.

- Ljúka átti framkvæmdum við kaldavatnstankinn s.l. haust en m.a. af veðurfarslegum ástæðum stóðst það ekki. Þá var heldur ekki búið að taka ákvörðun um hvernig farið væri með yfirfallið af tankinum. Þegar sumra tók á ný var vinna við tankinn ekki sett í forgang þar sem ekki var um neyðarástand að ræða og starfsmenn hreppsins hafa gripið í það verk þegar ekki þurfti að sinna öðru sem var meira aðkallandi. Vatnstankurinn sjálfur er tilbúinn en eftir er að grafa fyrir yfirfalli og tengja vatnslögnina í hann. Áætlað er að tankurinn verði tekinn í notkun allra næstu daga. Ekki liggur fyrir endanlegur kostnaður vegna framkvæmda við nýjan kaldavatnstank sveitarfélagsins þar sem verkinu er ekki að fullu lokið. Tilboð Trésmiðjunnar Rein hljóðaði uppá kr. 24.336.023,- Þegar hafa verið greiddar kr. 21.497.551,-

Það er með þetta verk eins og önnur á vegum sveitarfélagsins að ábyrgðin liggur hjá sveitarstjóra.

Ekki er hægt að fallast á þá fullyrðingu sem fram kemur í fyrirspurn G-listans að vinnusvæði umhverfis tankinn blasi við sem alvarlegt umhverfislýti víða að í sveitinni, hins vegar má sjá í malarbinginn sunnan við tankinn sé eftir því leitað.

Fyrirspurn um skólamál:

*Hver er þróun nemendafjölda í grunnskóla, tónlistarskóla og leikskóla í Mývatnssveit frá árinu 2004 til 2011? Hver er starfsmannafjöldi í sömu skólum þessi ár? Hver er rekstarkostnaður við skólana þessu sömu ár í krónum og sem hlutfall af heildarráðstöfunafé sveitarfélagsins?*

• **Skólamála.**

Skólamál.

Þróun nemendafjölda í	grunnskóla	stöðugildi	tónlistarskóla	stöðugildi
2004 – 2005	82	14,8690	45/40	2,6181
2005 – 2006	75	13,5089	40/40	2,5940
2006 – 2007	74	14,8423	24/29	1,5000
2007 – 2008	70	15,8960	29/38	1,7682
2008 – 2009	58	15,5539	31/32	1,9310
2009 – 2010	47	13,5550	33/31	1,8688
2010 – 2011	48	12,6828	24/24	1,5553
2011 – 2012	43	11,8776		1,5000

Þróun nemendafjölda í	leikskóla/barnagildi	stöðugildi
2004 – 2005	21	24,3
2005 – 2006	17	20,9
2006 – 2007	13	16,1
2007 – 2008	11	13,5
2008 – 2009	12	15,4
2009 – 2010	8	9,5
2010 – 2011	10	11,6
2011 – 2012	15	21,4

Ár	fræðslumál millj.kr.	hlutfall af skatttekjum
2004	97,767	57,4%
2005	97,243	58,9%
2006	101,854	52,5%
2007	109,361	47,2%
2008	120,369	50,6%
2009	126,492	54,3%
2010	125,609	54,4%

Fyrirspurn um alþjóðlegt samstarf:

*Á heimasíðu Skútustaðahrepps er lykkja inn á Christmas Cities sem mun vera einhverskonar alþjóðleg keðja borga/svæða um jólahald. Hvað er Skútustaðahreppur búinn að taka lengi þátt í þessu samstarfi, hvað kostar það á ári og hver er fjárhagslegur og félagslegur ávinningur af starfinu?*

- **Alþjóðlegs samstarfs.**

- Alþjóðlegt samstarf.

Við lokun Kísiliðjunnar 2004 lagði Iðnaðarráðuneytið f.h. ríkisins fram nokkurt fé til eflingar atvinnulífs í sveitarfélaginu. Upp úr því er lagt af stað með þróunarverkefni sem hét Snow Magic. Að því verkefni komu líka sveitarfélagið og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga ásamt þátttakendum frá Svíþjóð og Finnlandi. Verkefnishugmyndin var mótuð í umsókn um fjárhagsstuðning í Northern Periphery Programme (NPP) Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Markmið íslenska hlutans var að efla atvinnulíf í Mývatnssveit, sérstaklega yfir vetrartímam með áherslu á ferðaþjónustu og menningu. Formlega lauk Snow Magic verkefninu sem NPP verkefni haustið 2007 en út úr því spratt m.a. aðventusamstarfið Christmas City. Það verkefni hefur verið starfrækt síðan 2006. Ekkert árgjald er greitt en greiddur ferðakostnaður fyrir tvo, kr. 150-250 þús. á sameignlegan fund einu sinni á ári og skiptast aðilar á um að halda fundinn. Markmiðið hlýtur að vera að læra af öðrum, víkka sjóndeildarhringinn og kynning á verkefninu og Mývatnssveit m.a. á ferðakaupstefnum sem viðkomandi aðilar sækja. Ekki er hægt að reikna út beinan fjárhagslegan ávinning af þessu verkefni frekar en öðrum sambærilegum samstarfsverkefnum.

**9. Tillaga frá fulltrúum G-lista vegna ágreinings hitaveitunnar og landeigenda í Vogum.**

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Karl Emil Sveinsson,  
Friðrik K. Jakobsson.